

Rangárþing ytra  
Rúnar Guðmundsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Laufskálum 2  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. október 2011  
Tilvísun: UST20110900140/ksj

## Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Galtalækjar II, Heiðarlönd í Rangárþingi Ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangársþings ytra er barst 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Galtalækjar 2, Heiðarlönd í Rangárþingi Ytra.

Ofangreind tillaga að deiliskipulagi nær yfir 76 frístundalóðir á um 60 ha spildu, lóðir eru á stærðarbilinu 0,5 – 1,3 ha. Aðkoma er um landveg nr. 26.

### Framkvæmdasvæðið

Svæði það sem tillaga að frístundabyggð í landi Galtalækjar II- Heiðarlönd, nær yfir, er staðsett að mestu á nokkuð sléttu svæði, en nyrst og norðvestast á svæðinu tekur við hraunkantur, sem er skýrt afmarkaður í landi. Á vettvangi var erfitt að meta hve langt inn á kantinn tillaga um frístundabyggð er áætluð. Svo virðist sem lóðir sem liggja lengst í norðvestri séu áætlaðar inn á hraunkantinn.

### Náttúruminjar

Að mati Umhverfisstofnunar ætti á ofangreindri tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Galtalækjar II að taka tillit til hraunkantsins á svæðinu, á sama hátt og tekið er tillit til vatnsverndarsvæðis. Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur eftirfarandi fram:

*„Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: a. eldvörp, gervigigar og eldhraun”* Þar af leiðandi er mikilvægt að mati stofnunarinnar að hraunkanti norðan og norðvestanvert á skipulagssvæðinu verði hlíft og byggingarreitir fari ekki inn á hann.

### Fráveita

Í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillöggunni kemur fram að: „Frárennsli verður leitt i

*sameiginlegar rotþrær. Verða nokkur hús um hverja rotþró sem markast af landslagi, jarðvegsgerð og öðrum aðstæðum. Frágangur verður í samræmi við reglugerð nr. 798/1999.”*


Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í bréfi Skipulagsstofnunar er fylgir erindinu að: „*gera þarf nánari grein fyrir hvaða lóðir séu með sameiginlega rotþró og hvernig fráveitumálum verði háttar ef svæðið skyldi ekki byggjast jafnt upp.*” Um leið bendir Umhverfisstofnun á **Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir** er gefinn var út af stofnuninni árið 2007.

### Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að byggingarreitir frístundalóða sem áætlaðar eru í ofangreindri tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi GaltalækjarII, Heiðarlönd í Rangárþingi ytra, fari ekki inn á hraunkant sem rammar svæðið af til norðurs og norðvesturs. Einnig þarf að huga nánar að skipulagi fráveitumála á ofangreindu svæði.

Virðingarfyllst

  
Adalbjörg B. Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun